

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2011****2011/EES/43/11****frá 20. maí 2011****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/646/EB frá 17. ágúst 2005 um samantekt skrár yfir staði sem mynda millikvörðunarnet í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfissvæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tækniforskriftir fyrir efnagreiningu og vöktun á ástandi vatns samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/105/EB falla úr gildi, hinn 22. desember 2012, tilskipanir ráðsins 82/176/EBE ⁽⁵⁾, 85/513/EBE ⁽⁶⁾, 84/156/EBE ⁽⁷⁾, 84/491/EBE ⁽⁸⁾ og 86/280/EBE ⁽⁹⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 22. desember 2012.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 82/176/EBE), 9. lið (tilskipun ráðsins 83/513/EBE), 10. lið (tilskipun ráðsins 84/156/EBE) og 11. lið (tilskipun ráðsins 84/491/EBE):

„eins og henni var breytt með:

- **32008 L 0105:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (tilskipun ráðsins 86/280/EBE) og lið 13ca (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB):

„– **32008 L 0105:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 44, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 52.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 243, 19.9.2005, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 36.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 81, 27.3.1982, bls. 29.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 291, 24.10.1983, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 74, 17.3.1984, bls. 49.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 274, 17.10.1984, bls. 11.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 181, 4.7.1986, bls. 16.

3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 13cab (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB):
- „13cac. **32005 D 0646**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/646/EB frá 17. ágúst 2005 um samantekt skrár yfir staði sem mynda millikvörðunarnet í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtið. ESB L 243, 19.9.2005, bls. 1).
- 13cad. **32008 L 0105**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfissgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84).
- 13cae. **32009 L 0090**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tækniforskriftir fyrir efnagreiningu og vöktun á ástandi vatns samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtið. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 36).“
4. Texti 8. liðar (tilskipun ráðsins 82/176/EBE), 9. liðar (tilskipun ráðsins 83/513/EBE), 10. liðar (tilskipun ráðsins 84/156/EBE), 11. liðar (tilskipun ráðsins 84/491/EBE) og 12. liðar (tilskipun ráðsins 86/280/EBE) falli brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 22. desember 2012.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/646/EB og tilskipana 2008/105/EB og 2009/90/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.